

Samrunasamningur

Samningur um tillögu að sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs

1. gr. Inngangur

Stjórnir Almenna lífeyrissjóðsins, kt. 450290-2549, Dalvegi 30, 201 Kópavogi (hér eftir „*Almenni*“), og Lífsverks lífeyrissjóðs, kt. 430269-4299, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „*Lífsverk*“), leggja til með samningi þessum að lífeyrissjóðirnir sameinist miðað við 1. janúar 2026. Við sameininguna verða réttindi og skuldbindingar Lífsverks fluttar í sameinaðan sjóð sem rekinn verður á núverandi kennitölu Almenna.

Stjórnir sjóðanna eru sammála um að kanna möguleika á nýju heiti fyrir sameinaðan lífeyrissjóð og hafa það að markmiði að leggja fram tillögu um það haustið 2025. Finnist ekki nýtt nafn mun sameinaður sjóður heita **Almenni – Lífsverk lífeyrissjóður**.

Kostnaði vegna sameiningarinnar verður skipt hlutfallslega eftir stærð sjóða og verkefnum. Kostnaður vegna samtryggingarsjóðs, svo sem vegna tryggingafræðilegrar ráðgjafar o.fl. verður skipt þannig að Almenni greiðir 60%, en Lífsverk 40%. Annar kostnaður, svo sem aðkeypt ráðgjöf o.fl. verður skipt þannig að Almenni greiðir 72% en Lífsverk 28%.

2. gr. Markmið samrunans

Með sameiningu lífeyrissjóðanna er stefnt að því að ná fram neðangreindum markmiðum:

- Bjóða hagstæð lífeyrisréttindi sem byggja á blöndu samtryggingar og séreignar.
- Mynda sterkari grunn fyrir góð lífeyrisréttindi og bæta tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna til lengri tíma.
- Skapa sterkari lífeyrissjóð með stærra eignasafni og aukinni áhættudreifingu sem verður betur í stakk búinn til að mæta auknum kröfum.
- Bjóða sjóðfélögum val um fjölbreyttar ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnað.
- Ná fram hagræðingu í rekstri, sem getur stuðlað að lægri kostnaði og betri þjónustu við sjóðfélaga.

3. gr. Framkvæmd sameiningar

3.1 Sameining byggð á stöðu eigna og skuldbindinga

Sjóðirnir sameinast á grundvelli eigna og skuldbindinga eins og þær standa þann 31. desember 2025. Ársreikningar sjóðanna eru gerðir skv. reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og fylgja sjóðirnir því í öllum grundvallaratriðum sömu reglum og viðmiðunum um mat á eignum.

Endurskoðendur beggja sjóða skulu hafa með sér samstarf til að tryggja að við gerð ársreikninga fyrir árið 2025 sé að öllu leyti fylgt sömu viðmiðum um eignamat og að við samanburð verði samræmi í útreikningum tryggingastærðfræðinga á lífeyrisskuldbindingum samtryggingarsjóðanna.

Ný réttindi ávinnast í sameinuðum sjóði frá og með 1. janúar 2026.

3.2 Ársskýrslur fyrir árið 2025

Ársreikningur Lífsverks og Almenna fyrir árið 2025 skulu gerðir með hefðbundnum hætti, endurskoðaðir og innihalda tryggingafræðileg uppgjör samtryggingasjóða. Þeir skulu undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra hvors sjóðs fyrir sig og liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2026.

Samrunaefnahagsreikningur sameinaðs sjóðs verður gerður miðað við 1. janúar 2026 og verður lagður fram samhliða. Ársskýrsla sjóðanna verður sameiginleg og inniheldur samrunaefnahagsreikning.

3.3 Fjárfestingarstefna 2026

Stjórnir lífeyrissjóðanna munu, ef samruni verður samþykktur á sjóðfélagafundum beggja sjóða skv. grein 6.4, vinna að því að móta fjárfestingastefnu fyrir árið 2026 fyrir sameinaðan sjóð.

3.4 Umboð stjórna eftir sameiningu

Umboð stjórna Almenna og Lífsverks falla niður þegar ný stjórn tekur yfir verkefni stjórnar í sameinuðum lífeyrissjóði við gildistöku samruna, skv. gr. 7.2 að undanskildu því að ljúka gerð ársreiknings fyrir árið 2025 og sinna nauðsynlegum ráðstöfunum vegna yfirfærslu ábyrgðar, gagna og ábyrgðarsviðs, þar með talið að gæta hagsmuna sjóðfélaga við mat á jafnræði milli sjóðanna. Undirnefndir stjórna beggja lífeyrissjóða skulu starfa þar til hlutverki þeirra lýkur sbr. ofangreint.

3.5 Ábyrgð

Sameinaður lífeyrissjóður mun bera fulla fjárhagslega og lagalega ábyrgð á öllum skuldbindingum beggja sjóða sem voru í gildi við samruna, þar með talið greiðslu lífeyris, rekstrarskuldbindingar og skuldbindingar tengdar séreignarsparnaði og áunnum lífeyrisréttindum.

3.6 Innköllun til lánardrottna

Innan fjögurra vikna frá samþykkt sjóðfélagafunda á samrunanum skal stjórn Lífsverks gefa út opinbera innköllun til skuldeightumanna sjóðsins í samræmi við ákvæði 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Innköllunin skal birt í Lögbirtingablaði.

3.7 Aðlögun réttinda með hliðsjón af tryggingafræðilegu mati

Við samrunann færast áunnin réttindi sjóðfélaga í sameinaðan samtryggingasjóð miðað við 1. janúar 2026. Áður en samtryggingarsjóðir Almenna og Lífsverks sameinast verður tryggingafræðileg staða þeirra jöfnuð miðað við sömu tryggingafræðilegu forsendur og mat á eignum.

Til að ná fram jafnri stöðu skulu sjóðirnir:

- Tryggja að tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2025 verði jöfnuð með aðlögun áunninna réttinda hjá þeim sjóði sem stendur lakar samkvæmt tryggingafræðilegu mati sem sjóðirnir láta vinna í árslok með sömu tryggingafræðilegum forsendum og hjá Almenna.
- Við jöfnun tryggingafræðilegrar stöðu skal taka tillit til kynjahlutfalls iðgjaldagreiðenda. Hjá Lífsverki vega karlar þyngra í iðgjaldagreiðslum en hjá Almenna. Fyrir sömu krónutölu réttinda eru skuldbindingar karla í tryggingafræðilegri athugun lægri en skuldbindingar kvenna. Reikna skal áhrif breytinga á kynjahlutfalli á réttindavinnslu Lífsverks og draga frá lækku áfallinnar stöðu ef staða sjóðsins reynist lakari en Almenna eða bæta við ef áfallin staða Lífsverks er betri en Almenna.

- Talnakönnun mun vinna sérstaka athugun á örorkutíðni Almenna áður en tryggingafræðileg staða sjóðsins verður metin. Ef niðurstaða athugunarinnar leiðir í ljós að örorkulíkur sjóðsins hafa aukist og breyta þarf forsendum við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu fyrri ára verður tekið tillit til þess við jöfnun tryggingafræðilegrar stöðu sjóðanna.

3.8 Fylgni við ákvæði 48. gr. laga nr. 129/1997

Við flutning og ákvörðun lífeyrisréttinda skal þess gætt að hver og einn sjóðfélagi beggja sjóða verði ekki fyrir réttindaskerðingu vegna sameiningarinnar. Stjórnir beggja sjóðanna skulu í samráði við tryggingastærðfræðinga tryggja fylgni við 48. gr. lsl. við sameiningu sjóðanna.

4. gr. Flutningur réttinda og skuldbindinga

4.1 Yfirtaka og flutningur réttinda og skuldbindinga

Þann 1. janúar 2026 mun sameinaður sjóður taka við öllum réttindum og skuldbindingum Lífsverks gagnvart sjóðfélögum, rétthöfum og gagnaðilum hans, hvort sem um ræðir réttindi í samtryggingarsjóði, inneign í séreignarsjóði og/eða sjóðfélagalán. Þetta felur meðal annars í sér yfirfærslu allra áunninna lífeyrisréttinda sem sjóðfélagar Lífsverks hafa aflað sér fram til samruna.

Flutningur réttinda nær til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyrisréttinda vegna andláts, örorku og eftirlauna, svo og inneignar í séreignarsjóði eftir því sem við á og í samræmi við tillögur að breytingum á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins sem leiðir af samningi þessum. Nánari lýsingu á fluttum réttindum verður að finna í tillögum að breytingum á samþykktum sjóðanna.

Sameinaður sjóður mun sömuleiðis taka við réttindum og skuldbindingum skv. öllum samningum Lífsverks hvort sem slíkt er vegna starfsmanna, húsleigu, samninga við þriðja aðila, samningar við fjármálaþyrftækni, bankareikningar o.s.frv. Aðilar munu í sameiningu yfirfara þessa samninga og tilkynna viðeigandi aðilum fyrir 1. janúar 2026 um samrunann, eftir því sem við á.

4.2 Sameining ávöxtunarleiða í séreignarsjóði

Við samruna munu ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs Lífsverks sameinast leiðum í séreignarsjóði sameinaðs sjóðs á eftirfarandi hátt:

- **Lífsverk 1** sameinast **Ævisafni II**
- **Lífsverk 2** sameinast **Ævisafni III**
- **Lífsverk 3** sameinast **Skuldabréfasafni**

Heimilt er að víkja frá ofangreindu ef samanburður á eignum og fjárfestingastefnu leiðir af sér aðra tillögu sem verði kynnt sjóðfélögum og verður hluti af tillögum að breytingum á samþykktum.

Eftir sameiningu verða alls sjö ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði í boði fyrir sjóðfélaga sameinaðs sjóðs. Sjóðfélögum verður kynnt fyrirkomulag valkosta og þeim gefinn kostur á að velja þá ávöxtunarleið sem inneign þeirra færir í við sameininguna, í samræmi við reglur og samþykktir sameinaðs sjóðs.

Ef sjóðfélagi Lífsverks velur ekki ávöxtunarleið við sameiningu mun inneign hans í séreignarsjóði flytjast sjálfkrafa á grundvelli þess sem hér að ofan getur.

Sjóðfélögum og rétthöfum í ofangreindum ávöxtunarleiðum verður jafnframt heimilt að færa inneign, að hluta eða í heild, milli annarra ávöxtunarleiða sameinaðs sjóðs án kostnaðar allt til 1. júlí 2026.

4.3 Grunnsöfn og fyrirkomulag eignastýringar

Eignir sameinaðs sjóðs verða ávaxtaðar í grunnsöfnum eignaflokka sem samtryggingarsjóður og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs fjárfesta í eftir stærðarhlutföllum. Tilgangurinn með grunnsöfnunum er að stuðla að hagkvæmum rekstri og sanngirni þar sem notkun grunnsafna tryggir að eignir ávöxtunarleiða í einstökum eignaflokkum eru eins en í mismunandi hlutföllum.

Við sameiningu sjóðanna verða eignir Lífsverks fluttar í viðeigandi grunnsöfn en á móti eignast samtryggingarsjóður og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs, sem sjóðfélagar velja eða verða fluttir í, einingar í viðeigandi grunnsöfnum eftir stærðarhlutföllum. Þrátt fyrir notkun grunnsafna við eignastýringu geta ávöxtunarleiðir átt einstakar eignir ef það rúmast innan fjárfestingarstefnu og er ákvörðun eignastýringar og stjórnar hverju sinni. Við sameiningu sjóðanna verður skoðað sérstaklega hvort stakar fjárfestingar falli að grunnsöfnum eða verði áfram í eigu einstakra ávöxtunarleiða. Sameinaður sjóður stefnir að því að yfirfara fyrirkomulag eignastýringar til framtíðar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Fyrir samrunadagsetningu verða eignir sjóðanna bornar saman til að tryggja sambærilegt eignamat við sameiningu. Starfsfólk sjóðanna (sjóðstjórar og áhættustjórar) sjá um eignamatið og hafa heimild til að leita til óháðs þriðja aðila um mat á einstökum eignum. Heimilt skal að leiðrétta eignamat eftir samrunadagsetningu, eða allt þar til ársreikningar sjóðanna hafa verið samþykktir.

5. gr. Rekstrarfyrirkomulag og stjórnskipan sameinaðs sjóðs

Eftir samruna mun allur rekstur sameinaðs lífeyrissjóðs fara fram undir kennitölu Almenna lífeyrissjóðsins og nafninu Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður, nema annað nafn verði valið fyrir sameinaðan lífeyrissjóð. Skrifstofur og dagleg starfsemi sjóðsins verður að Dalvegi 30, 201 Kópavogi.

5.1 Stjórn sjóðsins

Stjórn sameinaðs sjóðs skal til framtíðar skipuð sjö stjórnarmönnum. Með hliðsjón af samrunanum og nauðsyn jafnvægis í stjórnarsetu við upphaf sameiningar, verður eftirfarandi bráðabirgðafyrirkomulag viðhaft:

- Frá gildistöku samrunans og fram að ársfundi árið 2026 skal stjórn skipuð ellefu stjórnarmönnum.
- Á ársfundi 2026 skal stjórn fækka í níu stjórnarmenn.
- Á ársfundi 2027 skal stjórn endanlega skipuð sjö stjórnarmönnum.

Ár	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Stjórn alls	11	9	7	7	7	7
A	6					
L	5					
Kjörtímabili lýkur á ársfundi		-4	-4	-3	-2	-2
Rafræn kosning		2	2	3	2	2
Varamenn	8	5	2	0		
A	3	-1	-1	-1		
L	5	-2	-2	-1		

Ekki verða kjörnir varamenn í stjórn sameinaðs sjóðs eftir gildistöku samrunans. Núverandi varamenn gegna hlutverki sínu fram að lokum kjörtímabils síns og sú skipan fellur niður með sólarlagsákvæði án þess að nýir varamenn verði kjörnir í þeirra stað.

Um hlutverk, ábyrgð og valdsvið stjórnar fer samkvæmt samþykktum sameinaðs sjóðs, sbr. lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum viðeigandi lögum og reglum sem gilda hverju sinni.

Samþykki sjóðfélagafundir sameiningu sjóðanna mun stjórn hvors sjóðs stýra viðkomandi sjóði til 31.12.2025. Stjórn sameiginlegs sjóðs hefur formlega störf við gildistöku samrunans skv. grein 7.2. Engu að síður er gert ráð fyrir að stjórnir og stjórnendur hvors sjóðs hafi samráð um mikilvæg málefni til framtíðar, svo sem um fjárfestingarstefnu, starfsmannamál og rekstur. Viðræðunefnd sjóðanna leiðir þessi málefni og upplýsir og leggur mál fyrir stjórnir eftir þörfum.

Stjórnarformaður Lífsverks mun gegna stjórnarformennsku í sameinuðum sjóði til ársfundar 2026 og stjórnarformaður Almenna verður varaformaður. Að loknum ársfundinum mun stjórn velja sér formann og varaformann.

5.2. Framkvæmdastjóri og stjórnendur

Eftir samruna er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri Almenna muni stýra sameiginlegum sjóði en um mikilvæg málefni til framtíðar verður haft samráð við framkvæmdastjóra Lífsverks og eftir atvikum stjórnir sjóðanna sbr. grein 5.1. Stefnt er að því að ráða nýjan framkvæmdastjóra þegar verkefnum vegna sameiningarinnar verður að fullu lokið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri Lífsverks láti af störfum á vormánuðum 2026 eða eftir nánara samkomulagi.

Samningsaðilar eru sammála um að gæta hagsmuna og velferðar starfsfólks við framkvæmd samrunans. Starfsfólk beggja sjóða skulu njóta sannmælis við ráðningu í stjórnendastöður hjá sameiginlegum sjóði og verður a.m.k. 1/3 af framkvæmdastjórn sameinaðs sjóðs frá Lífsverki. Starfsmönnum verður hvorki sagt upp störfum tengt samrunanum, né munu starfskjör þeirra verða rýrari en núverandi kjör þeirra hjá hvorum sjóði um sig. Starfsskyldur einstakra starfsmanna kunna að taka breytingum í samráði við viðkomandi starfsmann. Ef starfsfólk kys að láta af störfum vegna samrunans kemur til greina að gera starfslokasamning og greiða starfslokagreiðslu sem tekur mið af starfstíma og nemur einum mánaðarlaunum fyrir hver fimm ár í starfi en þó að hámarki 3 mánaðarlaun (eftir 15 ár í starfi).

5.3 Atkvæðisréttur í sameinuðum sjóði

Eftir gildistöku samrunans mun atkvæðisréttur sjóðfélaga í sameinuðum sjóði fara eftir þeim reglum sem kveðið er á um í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins, sbr. gr. 8.2. samþykktanna með þeim breytingum að lagt er til að ákvæði um hámarksatkvæðisrétt sjóðfélaga verði fellt brott úr samþykktunum. Atkvæði í sameinuðum sjóði mun þannig fara eftir inneign í séreignarsjóði og hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði.

6. gr. Vörður í átt að samruna

6.1 Skipan viðræðunefndar

Stjórnir sjóðanna skipa viðræðunefnd til að annast undirbúning sameiningarinnar. Nefndin verður skipuð stjórnarformönnum, varaformönnum og framkvæmdastjórum beggja sjóða og henni er falið það hlutverk að leiða samrunaferlið fyrir hönd sjóðanna. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars fólgið í að samræma undirbúning, undirbúa kynningu fyrir sjóðfélaga og fjalla að öðru leyti

um þau verkefni og álitamál sem kunna að koma upp í ferlinu og taka nauðsynlegar ákvarðanir um framgang þess innan ramma samþykktu og laga. Nefndin vinnur í samstarfi við starfsmenn sjóðanna eftir því sem við á.

6.2 Kynning á samruna

Tillögur um sameiningu verða kynntar starfsfólki sjóðanna á fundi sem haldinn verður á skrifstofu Almenna lífeyrissjóðsins þann 26.9. Á fundinum verður farið yfir helstu atriði tillagnanna, ásamt kynningar- og ákvörðunarferli fyrir sjóðfélaga. Markmiðið er að tryggja að starfsfólk sé vel upplýst og efla samstöðu og jákvæða stemningu í kringum sameiningarferlið.

Hvor sjóður um sig skal sjá um að kynna tillögur um sameiningu fyrir sjóðfélögum sínum.

Til greina kemur að setja upp sérstaka upplýsingasíðu á vef sjóðanna þar sem sjóðfélagar geta kynnt sér hvernig réttindi þeirra flytjast við sameininguna í sameinaðan sjóð og hvaða valkostir standa þeim til boða í tengslum við hana.

Markmið sjóðanna er að vera með góða upplýsingagjöf til sjóðfélaga, meðal annars með útgáfu kynningarefnis líkt og lýst er í samningi þessum.

6.3. Aukaaðalfundur Lífsverks

Lífsverk mun halda aukafund þann 21. október 2025 þar sem tillaga um sameiningu verður kynnt sérstaklega fyrir sjóðfélögum. Jafnframt verða lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum og kynnt fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um tillögu um sameiningu. Á aukaaðalfundinum verða lagðar fram tillögur um breytingu á 18. grein samþykktu auk þess sem bætt verður við heimild til að sjóðfélagar geti kosið rafrænt um breytingar á samþykktum á sjóðfélagafundum.

Verði tillögur um breytingar á samþykktum felldar á aukaaðalfundi Lífsverks mun stjórn sjóðsins endurmeta áform og tillögur um sameiningu.

6.4 Sjóðfélagafundir og samþykki samnings

Eigi síðar en 11. nóvember 2025 skulu sjóðfélagafundir sjóðanna haldnir þar sem sjóðfélagar taka afstöðu til tillagna um breytingu á samþykktum sjóðanna vegna sameiningar. Samruninn öðlast ekki gildi nema með staðfestingu á breytingartillögum á samþykktum.

Stefnt er að því að tillögur um sameiningu og breytingu á samþykktum verði kynntar á sjóðfélagafundi/aukaaðalfundi og eftir að umræðum lýkur verði kosið um þær í rafrænni kosningu. Til að gefa sjóðfélögum tíma til að kjósa verði sjóðfélagafundi/aukaaðalfundi frestað í tvo sólarhringa á meðan atkvæðagreiðsla fer fram.

Samþykkt sjóðfélagafunda/aukaaðalfunda skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir hvors sjóðs um breytingar og ákvarðanatöku.

6.5 Sameiginlegur vinnufundur stjórna

Gert er ráð fyrir að haldinn verði sameiginlegur vinnufundur stjórna sjóðanna í nóvember 2025, að fengnu tilskyldu samþykki sjóðfélaga fyrir sameiningu sjóðanna. Markmið fundarins verður að ræða stefnumörkun, framtíðaráherslur og fjárfestingarstefnu sameinaðs sjóðs.

6.6 Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins og Fjármála- og efnahagsráðuneytis

Samrunasamningur þessi, ásamt viðeigandi gögnum, skal sendur til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við 48. gr. laga nr. 129/1997. Breytingar á samþykktum sameinaðs sjóðs, sem leiða af samrunanum, eru háðar staðfestingu ráðherra samkvæmt 28. gr. sömu laga, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

6.7 Samrunatilkynning til Samkeppniseftirlitsins

Samrunasamningur þessi kann að vera tilkynningarskyldur til Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglugerð nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Aðilar skuldbinda sig til að vinna sameiginlega að tilkynningu samrunans, sé þess þörf, og veita allar þær upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið krefst til að ljúka málsmeðferð sinni.

Samruninn öðlast ekki fullt gildi fyrr en að fengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins, eða eftir að eftirlitið hefur ákveðið að gera ekki athugasemd við hann innan lögbundins frests. Ef Samkeppniseftirlitið setur samrunanum skilyrði, skulu aðilar vinna að því að uppfylla þau sameiginlega.

6.8 Upplýsingagjöf og kynning eftir sameiningu

Á ársfundi Almenna-Lífsværks lífeyrissjóðs árið 2026 skal gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri sjóðanna, flutningi og aðlögun réttinda og niðurstöðum samrunaferlisins.

7. gr. Samningsdagur og gildistaka

7.1 Samningsdagur

Samrunasamningur þessi er gerður og undirritaður af stjórn Almenna og Lífsværks þann 24. september 2025, að undangengnum viðræðum, viljayfirlýsingu stjórna, samþykkt á forsendum samrunasamnings og loks samrunasamnings þessa.

7.2 Gildistaka samruna

Samruninn er háður því að eftirfarandi skilyrði verði uppfyllt:

1. Samþykki sjóðfélagafunda sbr. ákvæði gr. 6.4 í samningi þessum.
2. Tilkynning um samruna Lífsværks við Almenna hefur borist Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands í samræmi við 48. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
3. Staðfesting ráðherra á samþykktum sameinaðs sjóðs í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997.
4. Samþykki eða athugasemdalaus afgreiðsla Samkeppniseftirlitsins, í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglugerð nr. 1390/2020.
5. Lokið hafi verið tryggingafræðilegu og endurskoðuðu mati á eigna- og skuldbindingastöðu beggja sjóða og nauðsynlegar leiðréttingar/aðlaganir framkvæmdar.


Sé ekki annað ákveðið sérstaklega í samráði við stjórnir og eftirlitsaðila, skal samruninn öðlast gildi miðað við 1. janúar 2026.

8. gr. Undirritanir

Samrunasamningur þessi er undirritaður rafrænt skv. lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu af stjórnarmönnum beggja lífeyrissjóða. Samningurinn telst hafa öðlast gildi þegar hann er fullundirritaður af öllum stjórnarmönnum beggja sjóða. Hvor sjóður um sig skal fá fullundirritað eintak til varðveislu.

Kópavogur, 24. september 2025.

Fyrir hönd Almenna lífeyrissjóðsins:



Sigríður Magnúsdóttir, stjórnarformaður



Arna Guðmundsdóttir, varaformaður

Fyrir hönd Lífsverks lífeyrissjóðs:



Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður



Reynir Leví Guðmundsson, stjórnarmaður

Rafrænar undirritanir neðangreindra stjórnarmanna koma fram á næstu blaðsíðu:

Stjórnarmenn Almenna lífeyrissjóðsins

Sigríður Magnúsdóttir, stjórnarformaður
Arna Guðmundsdóttir, varaformaður
Albert Þór Jónsson
Elva Ósk S. Wium
Már Wolfgang Mixa
Þórarinn Guðnason

Stjórnarmenn Lífsverks Lífeyrissjóðs

Eva Hlín Dereksdóttir, stjórnarformaður
Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður
Agni Ásgeirsson
Margrét Arnardóttir
Reynir Leví Guðmundsson

Undirritunarsíða

Eva Hlín Dereksdóttir

Agnar Kofoed-Hansen

Margrét Arnardóttir

Agni Ásgeirsson

Reynir Leví Guðmundsson

Arna Guðmundsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

Þórarinn Guðnason

Albert Þór Jónsson

Elva Ósk S Wium

Már Wolfgang Mixa